



SVÆÐISGARÐURINN SNÆFELLSNES

DRÖG AÐ FUNDARGERÐ

Hópur	Stjórn Svæðisgarðsins
Efni	Stjórnarfundur
Fundarmenn	Keli, Júníana, Jakob, Björg og Ragnhildur
Ritari	RS
Tími og staður	3. apríl 2020 11.30 - 13 Zoom fjárfundabúnaður
Framlögð gögn	Fundargerð síðasta fundar, slóðir á vinnugögn um kynningarefni um Snæfellsns,

Lykilverkefni Svæðisgarðsins 2020 -2024

- Stefnumótun**
- Ferðalagið** - Grunngerð ferðapjónustunnar - Lífsgæði - Búsetuskilyrði og atvinnulíf
- Matur - Matarmenning** - Sjávarfang - Landbúnaðarvörur - Annað hráefni
- Man and biosphere** - Lífsgæði - Menningarlíf - Búsetuskilyrði - Landslag
- Val á öðrum lykilverkefnum í gangi**
Ýmis þemu

PEMU		
snæfellsk LÍFSGÆÐI	Búsetuskilyrði	Skólar
	Menningarlíf	Lýðheilsa
snæfellskt LANDSLAG	Þjóðgarður	Líffræðileg fjölbr.
	Jarðfræðileg fjölbr.	Sveitir og bæir
snæfellskur MATUR	Matarmenning	Landbúnaðarvörur
	Sjávarfang	Annað hráefni
snæfellskur IÐNADUR	Upplýsingaiðnaður	Framleiðsluðnaður
	Skapandi greinar	Mannvirkjagerð
snæfellskt FERÐALAG	Staðarandi, gæði	Ferðaleiðir
	Lykilþemu	Grunngerð
snæfellsk GRUNNGERÐ	Vegur, stígar, alm.samg.	Fjárskipti, veitur
	Hafnir, flugvellir	Stjórnun

1. STAÐAN Á SNÆFELLSNES Í DAG.

Fundarmenn ræddu brýnustu viðfangsefnin á Snæfellsnesi í dag.

Ferðapjónusta liggur nánast niðri nú í samkomubanni. Næsta skref er að fá Íslendinga í heimsókn þegar þeir byrja aftur að ferðast. Svæðisgarðurinn á að leggja áherslu á að hvetja Íslendinga til að koma í sumar, þegar öruggt verður að ferðast, dvelja og njóta eða velja áfangastaði og koma oftar. Varpa ljósi á það sem heimamenn hafa áhuga á, eitthvað fyrir "þjóðina", sögur, minnisvarðar, hreyfing, matur, mismunandi aldurshópar. Sumt er tengt veðri en annað ekki. Leggja áherslu á fjölbr. áfangastaði, sérstöðu og menningu.

Stöðumat: erfitt að átta sig á því hvernig markaðurinn verður þegar óvissuástandi lýkur. Vinna með ferðapjónustuaðilum: Svæðisgarðurinn geti aðstoðað við viðburðastjórnun á forsendum ferðapjónustuaðila (kajakmót? opinn skógur?, hjálpa þeim aðilum sem hafa eitthvað á þróunum).

Benda á það sem verður opið í sumar. Ratleikir t.d. fyrir börn. Námskeið ofl. Þeim mun meira sem við gerum til að varpa jákvæðu ljósi á Snæfellsnes, þeim mun betra.

Rætt um markaðssetningu á Snæfellsnesi. Samvinna við Markaðsstofu Vesturlands. Óvissan er erfið. Verðum að vera tilbúin þegar hurðir opnast. Allt hjálpast að við að vekja athygli á Snæfellsnesi. Verðum að stilla saman strengi. Það verður samkeppni um íslenska gesti þegar þeir byrja að ferðast á ný.

Rætt um vinnu við ferðaleiðir á Vesturlandiog hlutverk MV og hvort það væri skörun á verkefnum okkar, vegna t.d. ferðaleiðar/branding á Snæfellsnesi.

Ákvörðun:

Framkvæmdastjóra falið að funda með Margréti Björk og kynna fyrir stjórn á næsta fundi aðkomu Markaðsstofu Vesturlands að ferðaleiðum á öðrum svæðum.

A (stóru forgangsverkefnin, uppbygging á ferðaleiðum) og B (tímabundnar aðgerðir, viðburðir ofl.). Vera sveigjanleg með tímasetningar, bregðast við aðstæðum.

Mikil óvissa, erfitt að skipuleggja viðburði í sumar. Halda áfram undirbúningi fyrir ferðaleiðir. Vera til taks þegar færi gefst á því að fá gesti á Snæfellsnes. Fylgjast vel með viðbrögðum stjórnvalda.

Ákvörðun: Svæðisgarðurinn geri þjónustu og ferðaleiðir á Snæfellsnesi sýnilegar. Leggja áherslu á viðburði og að hvetja Íslendinga til að heimsækja Snæfellsnes. Skerpa á því hvaða sögur við erum að segja af Snæfellsnesi, hvernig fyrirtækin eru að tengja sig við Snæfellsnes, leggja áherslu á sérstöðuna hér.

Mjög mikilvægt að við náum samhljómi um það.

Að Svæðisgarðurinn sé vettvangurinn þar sem sveitarfélög styðja við ferðapjónustu og aðrar greinar, eins og nú er kallað á að sveitarfélög geri.

Verkefnið okkar um ferðaleiðir er eins og sniðið að því, hvernig hægt er að hjálpa ferðapjónustunni til að "gera svæðið tilbúið" til að berjast um og taka á móti ferðafólki seinna á árinu.

Umræða um brýnustu verkefnin og hvernig við ætlum að draga fjármagn í þau. Björg greindi frá samtali við framkvæmdastjóra SSV/skiptir miklu máli að ná að vinna forgangsverkefnin hratt og vel þannig að þau nýtist atvinnulífinu á þessum erfiðu tímum.

Rætt um aðgerðir frá ríkisstjórn fyrir atvinnulíf á Íslandi og tengingu við forgangsverkefni Svæðisgarðsins Snæfellsnes.

2. Leiðir til að ná í fjármagn í forgangsverkefni:

- 1) Verkefni sem falla undir aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar núna

- 2) Svæðisgarðurinn Snæfellsnes verði viðurkenndur sem heppilegt byggðaprúnarmodel og komist á fjárlög.
- 3) Svæðisgarðurinn Snæfellsnes verði viðurkenndur sem byggðaprúnarmodel og fái sérstakan verkefnastuðning
- 4) Áfram verður sótt í Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða til uppbyggingar á áfangastöðum, með áherslu á að tengja þá saman í ferðaleiðum um Snæfellsnes, byrja á að tengja saman þéttbýliskjarna á norðanverðu Snæfellsnesi. Næst verður auglýst í september og úthlutað fyrir áramót 2020.
- 5) SSV
- 6) MV
- 7) Byggðastofnun
- 8) Annað?

Rætt um mögulegar leiðir.

Ákvörðun: Framkvæmdastjóra falið að gera drög að uppleggi í erindi sem sent yrði þingmönnum kjördæmisins: leggja áherslu á verkefni Svæðisgarðsins sem nýtast ferðapjónustu Snæfellsness sem nú er að bregðast við ákaflega erfðum aðstæðum. Tala um sérstöðuna, það sem við getum gert, fjármagn er hreyfiafl.

Björg mun kanna frekar með leiðir til fjármögnunar, fyrir næsta fund.

3. Nú er verið að uppfæra kynningarefni um Snæfellsnes sjá vinnugögn á:

<https://www.dropbox.com/sh/nwhgr1hy6ed8jqs/AAAOjGqvN5PaWaPLQaloDTdJa?dl=0>

Gögn á snertiskjá Gestastofu Snæfellsness má skoða hér:

http://map.snaefellsnes.is/en?fbclid=IwAR3pl6-Bqd8IbLxYFtNujfLvZIDvZh0_LQYLoqmgokHxqRJQ9RFgUCqDjn4

Verið er að leggja lokahönd á uppfærslu og þá eru þessi gögn tilbúin til að nota í kynningarátak

4. Önnur mál

Ákveðið að halda stutta vikulega fundi meðan á þessu ástandi stendur.

Næsti fundur: Miðvikudagur 8. apríl 2020.

Fundi slitið kl. 13.10